11. Fimm vottorð um framkomu Jóns Pálssonar sem aðalféhirðir Landsbanka Íslands.

XVII

Eg undirritaður, sem opt hefi verið látinn gegna gjaldkerastarfinu í Landsbankanum í stað hr. Jóns Pálssonar og aðstoðað hann í sama starfi, votta hjer með samkvæmt beiðni, að hann hefur aldrei sýnt mjer tortryggni eða ókurteisi, en ávalt hæversku.

Reykjavík 22. Jan. 1916

Jón Hallsson
bankaaðst.m.

Eg undirskrifaður votta hér með, að í þau fáu skifti, sem eg hefi, á næstliðnum árum, átt erindi við Landsbankann í Reykjavík og notið afgreiðslu gjaldkera bankans, herra Jóns Pálssonar, þá hefir sú afgreiðsla verið mér í té látin fljótt og kurteislega, engu síður en af öðrum starfsmönnum bankans.

Hafnarfirði 5. Janúar 1916

Aug. Flygenring

XVI

Að gefnu tilefni er okkur ánægja að lýsa yfir því, að i samvinnu við yður sem gjaldkera Landsbankans minnumst vér ekki annars en að samkomulag okkar við yður hafi yfirleitt verið hið ákjósanlegasta og að við höfum fyrir okkar leyti veitt yður aðstoð við starfa yðar af fúsu geði, þegar þess var beiðst.

Reykjavik 7. janúar 1916

Ágústa Thors Jakob Möller

Herra bankagjaldkeri Jón Pálsson

Reykjavik.

mótt. 18/1-'15

Landsbanka gjaldkerinn

Jeg hef lesið það í blöðum ið bankastjórarnir gefi Jóni Pálssyni sið ið oft að hann óhlýðinn ofsi og ólipur við fólk sem gegni viðskifti við bankann

í Blöðunum sem eru
er nemt Land las Jeg
greyn við víkjandi
Bánkastjórunum og
Jóni Pálssini bánka
galdkjera
Hvar í þeyr bera fram
hann sjé óhlýðinn
sjer og ótilegur fólkji
sem hafi við skifti við
Bánkann
Nú það þarf ekkji að
segja að Jón ráðist á
garðana þar þeyr eru
lægstir þar sem bánka

Stjórnin á í hlut, enda ey að búast við því að hann taki sinna lögum um að finslum vel
Sá maður er í sama leyka Sagt sjálf stadur vel og eyn af þeym allra besta seglu mönnum þessa bæjar fyi lase í hverra greyn sem hann starfar við
En ef við skiftamenn bánkans hefðu oft mætt labari af greyðslu hans en vera þyrfti er varandi þeyr hefðu haft frá eynum og kjark að gefa

uttjóð af sjer horsum sjálf um Jeg hef mjög oft komið ynni í bankann síðan Jón Pálsson tók við gjaldkjera störfum haft ómarri og starri stil þörf á af greyðslu hans lag til æinn pen inga fir mig og að mjaltaf átt Sönn gæðu af greyðslu að mæta og hefir oft verið þar mart fólk í sönnu erinda gjörðum alt tekið eftir ráð og bestu Seul d. Svo Jeg held þetta sje ey nauð syn leg að fimm ing fir hönd við skifta fólk bánkans en nú þarf ekkji að seyja að tilil

Sjeð Miskun hjá Magnúsi

Meyning mín er sú að þeir sem hafa Jón Pálsson í verki með sjer og sömuleiðis úti frá fólk sem hann starfar fyrir, biggji á sjettum grundvelli þá sem á Bjargi

Gamall sveitakarl.

Mér er ókunnugt um, hver höfundur þessa brjefs er; því var stungið milli stafs og hurðar heima hjá mér og var eitt af þeim mörgu brjefum, er mér bárust um þessi viðskifti mín við bankastjórnina.

[illegible]

STURLA JÓNSSON
TELEGR. ADR.: STURLA
P. O. BOX 43
TELEFON 30

REYKJAVÍK .................................. 191

Við undirskrifaðir kaupm. Sturla og Friðrik Jónssynir Reykjavík vottum hjer með, að gefnu tilefni, að gjaldkeri Landsbankans, herra Jón Pálsson hefur aldrei sýnt okkur neina óvild, geðstirðleik eða ókurteisi þegar við höfum komið inn í bankann, heldur hið gagnstæða, og sendisveinar okkar hafa aldrei kvartað.

Reykjavík 21. janúar 1916.

Friðrik Jónsson
Sturla Jónsson